



UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun og Svæðisráðgjafi umhverfisráðgjafi

• Suðurlandsvegur 27  
101 Reykjavík, Ísland

Útgefið 29. júlí 2004  
Sími 0294 092 0010

Umhverfisstofnunin er til  
á vefsíðu umhverfisstofnunarinnar

Skipulagsstofnun  
Auður Ýr Sveinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
24 AUG. 2004 34.32	
Tilv. _____	

23. ágúst 2004

Tilvísun: UST20040800003/sf

### **Dettifossvegur í Keldunes- og Skútustaðahreppi, Norðausturvegur - Hringvegur. Tillaga að matsáætlun.**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 29. júlí sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun vegna ofangreindrar framkvæmdar. Viðbótargögn bárust með bréfi Skipulagsstofnunar dags. 5. ágúst sl.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

#### **Kaflí 1.5. Markmið framkvæmda**

Fram kemur að hönnunarhraði vegarins verði breytilegur eftir aðstæðum en miðað sé við 60-90 km/klst hámarkshraða. Einnig segir að vegurinn hafi ekki verið hannaður en vakin sé athygli á því að hönnunarhraði og leyfður hámarkshraði fari ekki alltaf saman. Umhverfisstofnun telur að 90 km/klst hámarkshraði eigi að vera alger undantekning enda um ferðamannaveg að ræða. Að mati stofnunarinnar verður hönnun vegarins að taka mið af því, enda eru vegtæknilegar kröfur mismunandi eftir því hver hönnunarhraði vegarins er og hafa þær áhrif á hversu vel er hægt að fella veginn að landinu.

#### **Kaflí 1.7. Kostir og áfangaskipting**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ekki liggur fyrir tímaáætlun varðandi áfanga II, þ.e. frá Vesturdal að Dettifossi með tengingu í Hólmatungur. Eins og Umhverfisstofnun benti á í athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun telur stofnunin ekki ásættanlegt að ekkert verði að gert á þeim kafla á næstu árum enda ástand vegarins mjög slæmt. Stofnunin telur því nauðsynlegt að fyrir liggja tímaáætlun um þann hluta vegarins. Benda má á að líklega er besti efnistökuastaðurinn á þessum kafla (náma 16).

#### **Kaflí 1.8.3. Efnistökuastaðir**

Efnistökuastaðir sem til greina koma og skoðaðir hafa verið eru sýndir á teikningu í tillögu að matsáætlun. Umhverfisstofnun bendir á að á mynd 3/3 (teikningu 2), sem sýnir efnistökuastaði sunnan við Dettifoss, eru mörg víðfeðm svæði skilgreind sem efnistökuastaðir. Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að afmarka efnistökuastaðina þrengra og horfa til hugmynda um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum og ummerkja

hamfarahlaupa við val á efnistöðum á þessu svæði. Taka verður mið af því við endanlega afmörkun efnistöðanna.

Í töflu 1 í tillögu að matsáætlun eru tíundaðir þeir efnistöðastöðir sem frumkannaðir hafa verið og í töflu 2 námur á svæðinu sem líklegt er að verði notaðar. Umhverfisstofnun er ljóst að einungis hefur farið fram frumkönnun á efnistöðum og að frekari rannsóknir eru nauðsynlegar áður en endanlegir efnistöðastöðir eru valdir og þeir afmarkaðir. Stofnunin telur þó rétt að koma því á framfæri að hún telur ekki ásættanlegt að taka efni á eftirtöldum stöðum (sbr. einnig athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun):

1. Náma A-18. Hóll með sandi. Opín ógróin náma. *Umhverfisstofnun telur ekki ásættanlegt að taka meira efni á þessum stað og skal ganga frá námunni. Hér ætti að gera góðan útsýnisstað yfir Svínadalshálshvö.*
2. Náma A-19. Grónir hólar. *Ekki ásættanlegur efnistöðastöður.*
3. Náma A-20. Opín náma fyrir ofan Vesturdal. *Þetta er ekki ásættanlegur efnistöðastöður og skal ganga frá námunni.*
4. Náma A-23. Frágengin náma norðan Meiðavalla. Náman varð of djúp og er áberandi í landslagi. *Því ætti ekki að taka meira efni þar.*

Umhverfisstofnunin vill einnig ítreka athugasemdir varðandi eftirtaldar námur, sbr. athugasemdir stofnunarinnar við drög að tillögu að matsáætlun:

1. Náma A-16. Hjallar í Svínadalshálsi. Efnistaka í ógrónum eða lítt grónum hólum suður af stöllum gæti orðið ásættanleg ef ekið yrði upp vatnsrásir og efnið tekið þannig að ekki sæist frá veginum eða Svínadalshvö.
2. Náma A-17. Gróið jökulruðningsholt. Hér má athuga með efnistöku ef farið verður bak við hólana.
3. Náma A-21 og A-22. Jökulruðningur ofan á dyngjuhrauni. Mjög vel gróið svæði rétt vestan við veginn. Umhverfisstofnun telur að þetta gætu verið ásættanlegir efnistöðastöðir ef farið er baka til í námurnar. Nyrðri staður er ásættanlegri.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að mikilvægt er að námustöðir séu ekki sýnilegir frá vegi og gönguleiðum meðfram Gljúfrunum.

### Kafla 1.8.5. Vinnubúðir

Fram kemur að í útboðsgögnum verði farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti í matsskýrslu að fjalla um reglugerðir vegna uppsetningar og reksturs vinnubúðanna og starfsemi þeirra m.t.t. frárennslis, orkunotkunar, vatnsnotkunar, sorps og úrgangs frá byggingarsvæði o.fl.

### Kafla 3.2. Áhrifasvæði framkvæmdarinnar

Fram kemur m.a. að reynt verður að meta líklegt áhrifasvæði framkvæmdarinnar fyrir ákveðna áhrifaþætti. Umhverfisstofnun bendir á að miðað við upptalningu á þeim þáttum virðist sem einungis eigi að afmarka áhrifasvæði fyrir hluta þeirra umhverfisþátta sem fjallað verður um í skýrslunni, sbr. kafla 4. Til dæmis er ekki tileikið að afmarkað verði áhrifasvæði m.t.t. gróðurs og dýralífs. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að afmarka áhrifasvæði fyrir alla þá umhverfisþætti sem framkvæmdin hefur áhrif á .

#### Kafli 4.1.1. Samfélag og landnotkun

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdin mun hafa áhrif á ferðamynstur á svæðinu og þar með á ferðaþjónustu og er mikilvægt að lagt verði mat á þann þátt við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Framkvæmdin gæti leitt til aukinnar dagsumferðar frá nágrannasveitarfélögum en að sama skapi ekki til samsvarandi aukningar í fjölda gistinátta á svæðinu næst þjóðgarðinum. Einnig er mjög líklegt að framkvæmdin hafi áhrif á tengingu ferðaþjónustu í Kelduneshreppi og Öxarfjarðarhreppi við hálendið, sem og tengingu þjóðgarðsins við önnur verndarsvæði á hálendinu. Það getur haft áhrif á ferðamynstur.

Lagning vegarins getur einnig gefið ýmsa möguleika til að stýra fólki um svæðið. Sem ferðamannavegur ætti lega og gerð hans að taka mið af því. Í því sambandi má nefna hugmyndir um að segja sögu Jökulsár á Fjöllum og þeirra hamfarahlaupa sem þar hafa orðið og tengja það við legu vegarins, t.d. sunnan við Dettifoss. Velja ætti leiðina með tilliti til útsýnis- og áningarstaða með fræðslumerkingum um Jökulsá á Fjöllum og hamfarahlaupin. Þá fræðslu ætti að tengja við fræðslu í Gljúfrastofu sem mun segja sögu Jökulsár á Fjöllum.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að vegurinn gæti haft áhrif á aðra umferð en þá sem tengist ferðaþjónustu. Fyrirsjáanlegt er að vegurinn verði notaður til að stytta leið annarra en ferðamanna milli sveitafélaga, hugsanlega þungaflutninga sem aftur gæti haft neikvæð áhrif á ferðamenn og upplifun þeirra af þjóðgarðinum. Aukin umferð um svæðið kallar á aukna þjónustu og auknar aðgerðir sem samfélagið þarf að vera tilbúið að veita. Í matsskýrslunni þarf að fjalla um þessi atriði.

#### Kafli 4.1.5. Gróðurfar


Samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum skal í tillögu að matsáætlun m.a. koma fram eftir umfangi og eðli framkvæmdar, eftir því sem við á, lýsing á því hvernig fyrirhugað er að standa að mati á umhverfisáhrifum, s.s. um gagnaöflun, rannsóknarsvæði, tímasetningu athugana, tíðni mælinga, úrvinnslu gagna, aðferðir við mat og framsetningu niðurstaðna. Umhverfisstofnun telur að í matsáætlun ætti að útlista nánar hvaða gögn er varða gróður verða lögð fram, s.s. mælikvarða gróðurkorta og hvaða aðferðum verði beitt við rannsóknir á gróðurfari eða beitt var ef rannsóknir hafa þegar farið fram. Að mati Umhverfisstofnunar ætti mælikvarði korta af gróðurhverfum að vera í mælikvarðanum 1:5000 til 1:15.000, eftir því hversu stór svæði er verið að kortleggja. Jafnframt telur stofnunin að birta ætti yfirlitskort af gróðurlendum í matsskýrslu.

#### Kafli 4.2. Kort og uppdrættir

Umhverfisstofnun telur að auk þeirra uppdrátta og mynda sem getið er í tillögu að matsáætlun ætti að sýna áhrifasvæði framkvæmdarinnar á loftmynd.

Virðingarfyllst,

  
Sigríós Friðriksdóttir  
félagsviðsstjóri

  
Gunnar Steinn Jónsson  
staðgengill forstöðumanns  
framkvæmda- og eftirlitssviðs